



KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ
SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA

FRÆÐSLUSVIÐ

GÆÐAHANDBÓK

Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Uppfærð og yfirfarin í maí og ágúst 2022

Um gæðahandbók

Ráðherra veitir stofnunum og félagasamtökum viðurkenningu til að sjá um framhaldsfræðslu skv. lögum nr 27/2010 og reglugerð 1163/2011 um framhaldsfræðslu. Sú viðurkenning byggir m.a. á því að notað sé gæðakerfi um fullorðinsfræðslu. Hér er miðað við EQM (European Quality Mark). Farið er fram á að fræðslustarfið sé metið reglulega og á kerfisbundinn hátt og upplýsingar um slíkt gæðamat séu birtar. SÍK birtir nú drög að sinni fyrstu gæðahandbók og mun hún birtast von bráðar á heimasíðu félagasamtakanna.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR Almennar upplýsingar um íslenskukennslu SÍK
2. Stjórnun og framkvæmd fræðslu
 - 2.1 Stjórnun og skipulag
 - 2.2 Stefna SÍK í þróunarstarfi/ Fjölmenningsstefna
 - 2.3 Markmið
3. Varðveisla upplýsinga
4. Réttindi og skyldur nemenda (ágreiningsmál)
5. Námsumhverfi og aðbúnaður (aðstaða til náms, tækjabúnaður, kennsluaðferðir, námsefni)
6. Kenningafræðilegur grunnur
7. Námsmarkmið (innihald námskeiða, kennsluáætlanir, hæfniviðmið, fjöldi námskeiða, þrepaskipting)
8. Kennsluaðferðir og námsmat
9. Menntun og hæfni kennara/leiðbeinenda
10. Gæðastjórnun og sjálfsmat
 - 10.1 Ábyrgðarmaður gæðaeftirlits
 - 10.2 Gæðaferli og úrbætur
 - 10.3 Verkferlar
11. Lokaorð
12. Fylgiskjöl

1. Inngangur

Um fræðsluáðilann, Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK).

Samband íslenskra kristniboðsfélaga, einnig kallað Kristniboðssambandið, er frjáls félagasamtök sem eru skráð sem slík og almannaheillafélag sem starfar yfir landamæri og starfa samkvæmt samþykktum aðalfundar (sjá www.sik.is/log-sik/). Aðalfundur kýs stjórn (sjá núverandi stjórn www.sik.is/stjorn-sik/) sem er ábyrg gagnvart aðalfundi (skráningarskírteini í fylgiskjali). Ársreikningar eru sendir til Ríkisendurskoðunar ár hvert. Samtökin eru viðurkenndur samstarfsaðili utanríkisráðuneytisins (sjá: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/samstarf-vid-f-rjals-felagasamtok/>).

SÍK býður upp á ókeypis íslenskukennslu fyrir nýbúa, fólk sem sótt hefur um alþjóðlega vernd og hvern þann annan sem óskar að ná betri tókum á íslensku í því skyni að auðvelda þátttöku sína í samfélaginu, og þar með auka lífsgæði og flýta fyrir aðlögun. Í því felst að auka starfshæfni þeirra sem eru á vinnumarkaði eða stefna þangað. Með þessu er stefnt að auknum jöfnuði þessara einstaklinga í samfélaginu almennt ásamt því að efla þá til frekari menntunar og bæta atvinnutækifæri hér á landi.

2. Stjórnun og framkvæmd fræðslu.

2.1 Stjórnun og skipulag.

Samtökunum (SÍK) er stýrt af stjórn milli aðalfunda og starfsmönnum undir stjórn framkvæmdastjóra milli stjórnarfunda, þ.e. dagleg stjórn, á grundvelli samþykktar, starfsáætlunar og fjárhagsáætlunar. Fjármálastjórn er í höndum framkvæmdastjóra í samráði við kjörinn gjaldkera og á grundvelli fjárhagsáætlunar. Fagstjórn er á ábyrgð framkvæmdastjóra í samráði við viðkomandi starfsmann eða starfsmenn og sjálfboðaliða. Fagstjórn íslenskukennslu er í höndum umsjónarmanns hennar í samstarfi við framkvæmdastjóra og þá sjálfboðaliða sem hafa faglegar forsendur til þess. Kennendur eru 8 námskeið yfir veturinn, þrjú byrjendanámskeið, þrjú framhaldsnámskeið sem kennd eru samhliða og tvö foreldranámskeið. Námskeiðin eru frekar opin og geta nemendur á framhaldsstigi einnig getað sótt tíma á byrjendastigi þar sem framhaldsnámskeiðin fara fram í beinu framhaldi af byrjendanámskeiðunum. Foreldranámskeiðin tvö eru kennd fyrir og eftir áramót. Tungumálið er kennt í gegnum söng, leik og rímur og börnin taka virkan þátt. Börn eru alltaf velkomin með foreldrum sínum í alla tíma og er boðið upp á sérstaka hópa fyrir foreldra með börn á hefðbundnu námskeiðunum.

2.2 Stefna SÍK í þróunarstarfi/ Fjölmenningsstefna.

Allir hafa aðgang að íslenskunámi hjá SÍK óháð trúar- eða lífskoðunum, stjórnmalaskoðunum, þjóðerni, kynferði, efnahag, félagslegri stöðu eða fötlun. Er þar fylgt stefnu SÍK héraðs sem erlendis í kærleikspjónustu, sjá fylgiskjal, *Stefna SÍK í þróunarstarfi*. SÍK leggur áherslu á að koma til móts við þarfir nemenda á einstaklingsgrundvelli með kennslu í íslensku og fræðslu um íslenska menningu og samfélag. Mikil áhersla er lögð á mikilvægi samverunnar, stuðnings

Þátttakenda innbyrðis og jákvæða nálgun á viðfangsefnið. Allir hafa eitthvað að gefa og styrkur heildarinnar verður mikill.

2.3 Markmið.

Markmið kennslunnar er að gera þátttakendum kleift að tjá sig og eiga einföld samskipti við aðra í daglegu lífi á íslensku. Einnig er lögð áhersla á að kynna menningu og siði Íslendinga til að auðvelda þátttakendum að skilja og tengjast Íslendingum, og aðlagast íslensku samfélagi.

3. Varðveisla upplýsinga

Skráningar nemenda og upplýsingar um þá eru enn sem komið er skráðar í Excel á afmörkuðu svæði fyrir íslenskukennsluna sem jafnframt er vistað í skýi í samstarfi við umboðsaðila tölvukerfis hér á landi. Leitað er betri leiðar sem ekki er of kostnaðarsöm. Viðvera er skráð á sama svæði.

Kerfið og aðgangur einstakra starfsmanna að því er læstur og varið lykilorðum. Aðgang hafa umsjónarmaður íslenskukennslu, umsjónaraðili skráninga og eins getur framkvæmdastjóri nálgast upplýsingar. Er það í öryggisskyni ef báðir eru fjarri og geta ekki sinnt skráningu eða nálgast upplýsingar en nemendur óska eftir þeim.

Við skráningu eru engar aðrar kröfur gerðar aðrar en að fólk gefi upp nafn, kennitölu (sé kennitala til staðar), netfang og símanúmer. Upplýsingar um þátttöku í námskeiðum eru varðveittar til frambúðar ef nemendur óska eftir gögnum síðar meira. Aðeins nemendur sjálfir eða fulltrúar þeirra með vottað umboð, geta fengið vottorð um mætingu og námsárangur úr kerfinu enda gildir algjör trúnaður gildir um þessar upplýsingar.

SÍK leggur áherslu á góða stjórnarhætti, gagnsæi og ábyrga stjórnun í öllu sínu starfi. Sjá nánar siðareglur og reglur um meðferð fjármuna og ábyrga fjármálastjórnun (www.sik./log-sik/).

4. Réttindi og skyldur nemenda (ágreiningsmál)

Nemendum ber að hegða sér í samræma við þær samskiptareglur sem tíðkast í okkar þjófðfélagi. Þeir eiga rétt á gæðakennslu og að virðing sé borin fyrir skoðunum þeirra og gildum. Varðandi ágreining: Ef nemendur lenda í ágreiningi við aðra nemendur og geta ekki leyst málið, þá skulu þeir hafa samband við umsjónarkennara sem leitast við að leysa málið. Ef nemendur lenda í ágreiningi við sjálfboðaliða/almennan kennara, þá skulu þeir snúa sér til umsjónarkennara sem vinnur þá að því að leysa málin. Ef nemendur lenda í ágreiningi við umsjónarkennara, þá skulu þeir hafa samband við framkvæmdastjóra sem hittir þá hlutaðeigandi og vinnur í úrlausn málsins (sjá nánar undir verkferlar í grein 10.3).


5. Námsumhverfi og aðbúnaður.

Megináhersla er á staðnám, en nemendur hvattir til að kaupa námsbækur, sem hafa verið niðurgreiddar, til að auðvelda þeim heimanám. Þar með eru þeir hvattir til að vinna áfram með námsefnið og æfa sig með fjölskyldu og vinum og nota önnur tækifæri sem bjóðast í samfélaginu. Kennt er í sal SÍK sem er samkomusalur, að Háaleitisbraut 58-60, 3. hæð, með eldhúsi sem uppfyllir kröfur um vottað eldhús, með stólum, borðum, tússtöflu, skjávarpa

og góðu rými. Salnum var breytt og hann stækkaður fyrir nokkrum árum og farið að kröfum um öryggi, brunavarnir og annað í samstarfi við verkfræðistofu og viðeigandi aðila og að kröfu eldvarnaeftirlits. Brunakerfi er í húsnæðinu, beintengt stjórnstöð Securitas. Lyfta er upp á þriðju hæð, þar sem salurinn er og að sjálfsögðu tvískipt salerni. Einnig eru salerni á 2.hæð. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur gefið út starfsleyfi til að rækja kennslustað og félagsmiðstöð.

6. Kenningafræðilegur grunnur.

Tungumálakennsla getur verið með ýmsu móti, þar sem ólíkur kennslufræðilegur grunnur getur búið að baki. Í íslenskukennslu SÍK er að mestu byggt á ákveðnum kenningafræðilegum grunni sem nefndur er Growing Participant approach. Þessi nálgun byggist á uppbyggingu orðaforða í félagslegu umhverfi. Þannig er unnið með orðaforða með hjálp mynda og hluta, en þátttakendur einnig þjálfðir í að tala og endurtaka, og síðan nota það sem þeir lærðu hverju sinni markmisst úti í samfélaginu með því að heimsækja viðeigandi stofnanir (bakarí, banka, apótek, o.s.frv.). Þannig er reynt að auka þátttöku fólks í samfélaginu sjálfu (immersion; sjá <https://www.growingparticipation.com/>). Auk þess er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, þar sem kenningar Vygotsky's um Zone of Proximal Development liggur til grundvallar. Þar er lögð áhersla á að kennari þekki stöðu einstaklingsins varðandi þekkingu og reynslu og vinni síðan með honum á hans ZPD (sjá mynd; https://en.wikipedia.org/wiki/Zone_of_proximal_development). Þar af leiðandi er nemendum skipt í námskeið og síðan skipt í hópa innbyrðis eftir getustigi en það gerir kennara kleift að vinna með fleirum á svipuðu ZPD. Nemendur bæta þannig sífellt við orðaforða og þjálfast í að tjá sig á námskeiði, en æfa sig síðan meira úti í samfélaginu.



7. Námsmarkmið

Byrjendanámskeið:

Á námskeiðunum er kennd undirstaða talaðs máls og skilningur. Nemendur læra hagnýtan orðaforða og setningar sem nýtast í daglegu talmáli. Lítil sem engin áhersla er á málfræði

eða ritun til að byrja með.

Framhaldsnámskeið:

Á framhaldsnámskeiðum er gert ráð fyrir að nemendur geti tjáð sig á einföldu máli um daglegar athafnir. Leitast er við að dýpka skilning nemenda bæði í ræðu og riti auk þess sem haldið er áfram að þjálfra talmál og tjáningu. Tekin eru fyrir helstu málfræðiatríði eins og orðflokkar og beygingar beygingar auk þess sem ríkari áhersla er lögð á að þjálfra réttan framburð og auka skilning á orðasamböndum og orðatiltækjum.

Markmið við **lok byrjendanámskeiðs** er að nemendur:

- geti tjáð sig á einföldu máli um daglegar athafnir.
- geti kynnt sjálfa sig
- þekki heiti daga og mánaða og geti tjáð sig um dagsetningar
- þekki tölurnar og klukkuna
- kunnir einfaldan orðaforða sem tengist daglegum athöfnum
- skilji einfaldar setningar, spurningar og leiðbeiningar í töluðu og rituðu máli

Markmið við **lok framhaldsnámskeiðs** er að nemendur

- geti tjáð sig um daglegar athafnir og haldið uppi einföldum samræðum - geti kynnt sjálfa sig og lýst fólki og umhverfi
- kunnir undirstöðuatriði í málfræði, átti sig á beygingum og þekki helstu eiginleika helstu orðflokka
- geti lýst atburðum og myndum á einföldu máli
- skilji inntak talaðs máls í samtölum, sjónvarpi og útvarpi, td. fréttir

Uppbygging kennslu

Tekið er fyrir ákveðið efni, hugtök, orðaforði eða saga sem innlögn. Í framhaldinu er nemendum skipt í fámenna hópa með kennurum þar sem áherslan er á talþjálfun auk þess sem nemendum gefst tækifæri til þess að spyrja út í efni dagsins. Leitast er við að raða nemendum saman í hópa út frá getu og málsvæðum. Einnig eru sungnir söngvar sem styðja við orðaforðann og þjálfar framburð.

Námsefni

Námskrá í íslensku fyrir útlendinga frá árinu 2008 er lögð til grundvallar. Námsefnið er fjölbreytt. Stuðst er við bækurnar Íslenska fyrir alla 1 eftir Sólborgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur og Talað orð eftir Evu Örnólfsdóttur. Nemendur fá hefti frá kennara sem notað er við talþjálfun. Við kennsluna eru notuð myndbönd og efni af kennsluvefnum tungumalatorg.is og fleira efni af netinu eins og td. textaðir þættir af vef RÚV ofl. Einnig er notast við glærur með myndum og eins myndaspjöld til þess að þjálfra nemendur í talmáli. Boðið er upp á námskeið á fjórum stigum, byrjendur 1 og 2 og framhald 1 og 2. Kennari metur út frá vinnu og virkni í kennslustundum hvenær nemandi flyst á milli þrepa

8. Kennsluaðferðir og námsmat.

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og fela í sér notkun mynda og myndefnis, látbragð, þátttöku nemenda og viðbrögð, þjálfun í framburði, útskýringar orða og málfræði, söng, sögur og fleira. Einnig er ýmislegt tengt samfélagi og menningu kynnt fyrir nemendum með kynningu og heimsóknum utan frá. Hver kennslustund er þrískipt: fyrst, bein kennsla í höndum kennara, þá söngur, ljóð og samfélagsleg fræðsla og loks vinna, samtal og þjálfun í hópum þar sem skipt er í 4-5 hópa eftir getu nemenda og er hverjum hópi stýrt af sjálfboðaliðum auk kennarans. Foreldranámskeiðið er fyrir foreldra ungra barna og byggir íslenskukennslan þar mest á talþjálfun, leik, rímum, og söng þar sem börnin taka virkan þátt. Lítið hefur verið um formlegt námsmat en vísað á aðra aðila til þess. Staðfesting um þátttöku er gefin út, sé þess óskað, og þá metin virkni, geta og framfarir hvers og eins.

Árangur nemenda er metinn jafnóðum af kennara í samtölum í litlum hópi með samnemendum. Nemendur meta námskeiðið með matsblaði sem þeir fá afhent við lok námskeiðs. Þá meta þeir einnig eigin árangur á þar til gerðu matsblaði (sjá fylgiskjal).

9. Menntun og hæfi leiðbeinenda/kennara.

Íslenskukennslan hefur frá upphafi verið í höndum menntaðra kennara með starfsréttindi og reynslu, bæði hér á landi og víðar. Sjálfboðaliðar eru flestir menntaðir kennarar en komnir á eftirlaun, með heila starfsævi að baki sem slíkir og sumir með sérnám í íslensku þar að auki. Leiðbeinendum er gert grein fyrir þeim fjölbreytileika nemenda sem eru ólíkir einstaklingar með ólíkar þarfir. Brýnt er fyrir þeim að þörf er á mikilli þolinmæði og skilningi á oft erfiðri aðstöðu fólks en margir glíma við áhrif áfalla og fyrri reynslu. Gildismat þátttakenda og leiðbeinenda, siðferðileg hegðun og annað þessu líkt eru þættir sem þarf að taka tillit til.

10. Gæðastjórnun og sjálfsmat

10.1 Ábyrgðarmaður gæðaeftirlits

Ábyrgðarmaður námsins, Ásta B. Schram er með doktorspróf (PhD) í námssálarfræði og kennslufræði og starfar sem lektor og kennsluþróunarstjóri í Háskóla Íslands. Hún hefur einnig starfað sem aðstoðarskólalastjóri og kennari í grunnskóla og framhaldsskóla.

10.2 Gæðafarli og úrbætur

Sjálfsmat og aðrar árangursmælingar fara eftir ákveðnu ferli en byggjast í stuttu máli á endurskoðun á hæfniviðmiðum, kennsluaðferðum sem og námsefni, auk þess sem niðurstöður stuttra kannana til nemenda og aðstoðarkennara eru rýndar. Þriggja manna teymi sem samanstendur af framkvæmdastjóra, ábyrgðarmanni og umsjónarkennara fer yfir þessu mál og gerir áætlun um úrbætur sem síðan eru birtar á heimasíðu samtakanna undir flípanum íslenskukennsla. Umsjón með sjálfsmatinu hefur ábyrgðarmaður námsins.

10.3 Verkferlar

Ýmsir verkferlar eru notaðir. Þar á meðal er verkferli varðandi ágreiningsmál. Almenna reglan

er: Ef til ágreinings kemur meðal þeirra sem hér eiga hlut að máli, ágreinings sem þeim tekst ekki að leysa milli sín, þá byrja einstaklingar almennt á því að ræða við þann sem næst fyrir ofan stendur í „valdastiga“ skipurits. Einnig er hægt að leita beint til framkvæmdastjóra SÍK sem tekur málið áfram til stjórnar ef þurfa þykir. Til frekari upplýsinga er vísað í pdf skjal af skipuriti vegna ágreiningsmála (setja hér inn hlekk á pdf skjalið).

Varðandi kynferðislega áreitni og ofbeldi fylgir SÍK verkferlum, fyrirbyggjandi aðgerðum og leiðbeiningum samstarfssamtaka sinna í Noregi, með viðeigandi staðfærslu (sjá [Retningslinjur for håndtering av seksuelle krenkelseser](#)). Eigin viðbragðsáætlun er í smíðum hjá starfsfólki og stjórn sem er á lokastigi og er stefnt að því að hún sé tilbúin og samþykkt ekki síðar en í október 2022.

Sé um að ræða ofbeldi af einhverju tagi er unnið samkvæmt verkferlum sem tilgreindir eru hér að ofan. Sé um glæpsamlegt athæfi að ræða er málum vísað beint til lögreglu.

11. Lokaorð

Það er mikilvægt markmið SÍK að geta stutt við það erlenda fólk sem kemur hingað, sérstaklega frá stríðshrjáðum löndum. Þessir einstaklingar berjast margir hverjir við alls konar afleiðingar þess sem þeir hafa upplifað auk þess sem þeir þurfa að aðlagast nýju landi og menningu. Því fylgja alls konar áskoranir. Við viljum gera þeim þetta aðeins auðveldara með því að bjóða upp á grunnkennslu í íslensku en um leið auka skilning og tengsl við íslenskt samfélag. Við trúum því að þess konar kennsla muni hjálpa þeim við líf og störf í landinu. Við leggjum áherslu á að bjóða upp á þessa þjónustu án endurgjalds vegna lélegrar fjárhagslegrar stöðu flestra í þessum hópi.

12. Fylgiskjöl

Fylgiskjöl er snerta starf SÍK almennt eru á vefsíðunni, www.sik.is, undir flípanum „Um okkur“ og þar er valið „Lög SÍK og aðrar samþykktir“. Fylgiskjöl sem snúa a íslenskukennslu eru undir flípanum „Íslenskukennsla“. Þegar bendill músar er færður yfir flípan birtist undir honum, „Skjöl tengd íslenskukennslu“.

(Síðast uppfært: 8. ágúst 2022)